**Nd. 288. Nefndarálit [121. mál]**

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Á fund nefndarinnar komu Einar Tjörvi Elíasson, framkvæmdastjóri Kröfluvirkjunar, Jakob Björnsson, forstjóri Orkustofnunar, Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, Elías B. Elíasson, yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun og Páll Flygenring ráðuneytisstjóri.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Minni hl. mun skila séráliti.

Nefndin leggur þann skilning í fyrri mgr. 3. gr. samningsins að önnur vinnsla en sú, sem Landsvirkjun á rétt til skv. samningnum, sé háð samkomulagi aðila. Ekki ber að túlka greinina þannig að í henni felist afsal á eignarrétti ríkisins yfir jarðhitaréttindum á Kröflusvæðinu umfram jarðvarma sem svarar til 70 MW í raforkuframleiðslu.

Alþingi, 16. des. 1985.

Páll Pétursson, form. — Friðrik Sophusson, frsm. — Birgir Ísl. Gunnarsson.

Gunnar G. Schram. — Ingvar Gíslason.